## JAFNRÉTTISÁÆTLUN Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags

*Jafnréttisáætlun **íþróttafélagsins** byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.*

### IÐKENDUR

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Bæði kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma.<br><br>Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað. | Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri.<br><br>Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri.<br><br>Leiðrétta kynbundinn mun ef er. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |
| Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum.<br><br>Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér. | Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum.<br><br>Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns.<br><br>Leiðrétta kynbundinn mun ef er. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |
| Verðlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg.<br><br>Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum. | Úttekt á verðlaunum eftir kyni<br><br>Leiðrétta kynbundinn mun ef er.<br><br>Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |
| Vinna gegn staðalmyndum kynjanna. | Úttekt á fjölda iðkenda innan hverrar íþróttagreinar eftir kyni.<br><br>Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar/-greina. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |
| Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins. | Fræðsla fyrir þjálfara.<br><br>Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun.<br><br>Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |

### ÞJÁLFARAR

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.<br><br>Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar. | Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.<br><br>Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns.<br><br>Leiðrétta kynbundinn mun ef er. | Aðalstjórn og stjórnir deilda eða framkvæmdastjóri. | Árlega |

EBS KG.
[illegible]
SA
BT

**JAFNRÉTTISÁÆTLUN Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags**

## *NEFNDIR OG RÁÐ*

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein | Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnum félagsins m.t.t. kyns. | Stjórn félagsins og stjórnir deilda. | Árlega |
| Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins. | Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. | Stjórn félagsins. | |
| | Leiðrétta kynbundinn mun ef er. | | |

## *EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN*

*Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?*

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins. | Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu. | Stjórn | Árlega |
| Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun. | Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu. | | |
| Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti | Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. | | Fjórða hvert ár |
| | Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi. | | |

Samþykkt í stjórn Aðalstjórnar 21.02.2019